

AÐALFUNDUR ÍTF

Haldinn þann 13. febrúar í fundarsal hjá Geira Smart. Beiðni félaga að halda fundinn á föstudegi og bjóða upp á veitingar og samtal eftir fund. Góð mæting var á fundinn og heppnaðist viðburðurinn virkilega vel.

STARF STJÓRNAR

- Fjöldi stjórnarfunda á árinu - 8
- Margir aðrir fundir um einstök málefni.
- Heimir og Ólafur skipta á milli sín stjórnarfundum KSÍ
 - Baldur situr í mótanefnd fyrir hönd ÍTF
 - Guðbjörg sat í starfshópi um sumarleyfi leikmanna
- Mikið starf stjórnar og nefnda sem kemur á óvart
- ÍTF hélt erindi á málstofu um íþróttaveðmál í maí.

STJÓRN ÍTF 2026 - 2027

- Heimir Fannar Gunnlaugsson formaður
- Ólafur Hrafn Ólafsson varaformaður
- Guðbjörg Fanndal Torfadóttir ritari
- Baldur Már Bragason
- Davíð Þór Viðarsson
- Heimir Gunnlaugsson
- Samúel Samúelsson

FJÁRMÁL

- Stöðugur rekstur ÍTF heldur áfram
- Tekjur vaxa á milli ára og hafa aukist á hverju ári
- Gjöld lækka og hafa náð jafnvægi
- Erfitt rekstarumhverfi, há verðbólga og almenn kostnaðaraukning. Þrátt fyrir það hækka tekjur og gjöld lækka.
- Stefnt að arðgreiðslur í lok árs vegna uppgjörs á Bestu deild 2022 - 2026
 - 50 m.kr greiðsla sem skiptist jafnt á öll félög sem hafa leikið í Bestu deildinni
- Stærsta verkefni ársins er að semja um sjónvarpsrétt að Bestu deildunum.

ÁRSREIKNINGUR ÍTF - LYKILTÖLUR

- Tekjur ársins - 466 m.kr
- Launakostnaður - 37 m.kr
- Annar rekstrar kostnaður - 94 m.kr
- Framlög til aðildarfélaga - 318 m.kr
- Hagnaður ársins - 22,8 m.kr

Ársreikningur 2025 og áætlun 2026 er aðgengileg á www.itf.is

GREIÐSLUR TIL AÐILDARFÉLAGA

- Frá 2022 - 2025 hefur ÍTF greitt félögunum rúmar 1.200.000.000 kr
- Verður í heildina í kringum 1.600.000.000 í lok árs 2026.
- Tekjur að nálgast 500 m.kr á ári
- Uppgjör á lotunni 2022 - 2026 gert í árslok 2026. Öll félög sem léku í Bestu deildinni eiga 1 hlut fyrir hvert tímabil.

SAMNINGAMÁL ÍTF

- Endursömdum við Genius Sports út 2030. Okkar verðmætasti samningur og tryggir félögum öruggar tekjur.
 - Hækkun um 20% og meira samstarf á milli aðila.
 - 2. deild karla bætist við.
- Sömdum við Livey um Lengjudeildina
 - Samningaviðræður vegna 2026 - 2028 í gangi.
- Félögin sömdu við Eyeball - danskt greiningarfyrirtæki fyrir yngri flokka.
- ÍTF gerðist aðili að World Leagues og World Leagues kvenna.

MARKAÐSMÁL

- Fengum inn nýjan samstarfsaðila í Bestu deildina - Hertz 8. febrúar.
 - Kvöddum Nóa Siríus sem hafði verið með okkur frá upphafi.
- Endurnýjuðum samninginn við Steypustöðina til þriggja ára.
- Fórum nýjar leiðir með árlegu auglýsingunni okkar, gerðum styttri og fleira kálfa sem komu vel út - áframhald í ár.
- Héldum áfram sókn okkar á samfélagsmiðlum, yfir 950 póstar yfir árið og 16.m áhorf á Instagram.
- Besta deildin var tilnefnd til Sjónvarpsverðlauna í flokksnum Sjónvarpsviðburður ársins.

SAMSTARF VIÐ KSÍ

- Héldum vel lukkað party eftir ársþing KSÍ fyrir aðildarfélög og önnur félög.
- Fluttum skrifstofu ÍTF inn í Laugardal á ný, búið að koma okkur vel fyrir
 - Hvetjum félög að koma í heimsókn
- Mikil vinna, samtöl og samstarf við fjárhagsnefnd KSÍ vegna breytinga á mótagjaldi og dómarakostnaði.
- Birgir og Björn sátu í starfshópum á vegum KSÍ um fyrirkomlag móta og markaðsmál.
- Mikið samstarf með Birki mótastjóra um mótahald, ÍTF og SÝN með sterka rödd!

TAKK FYRIR
